

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Vatns- 6
fjarðarsveitar „Hjálp í viðlögum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum 10. mars
af dóms- og kirkjumálaráðherra 10. mars 1924. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

styrktarsjóð Vatnsfjarðarsveitar „Hjálp í viðlögum“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Hjálp í viðlögum“ og er stofnaður af kvennafjelagi Vatnsfjarðarsveitar, með tillögum og árgjöldum frá fjelagskonum sjálfum og gjöfum einstakra utanfjelagsmanna.

Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 1600.00.

2. gr.

Sjóðinn má auka með árlegum tillögum og með gjöfum. Einnig má auka hann með því að gefa út minningarspjöld, er afhendist þeim, er gefa vilja sjóðnum gjafir til minningar um látna vini.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að styrkja fátæka í Vatnsfjarðarsveit, einstaklinga eða fjölskyldur, er alvarlega sjúkdóma ber að höndum. Einnig má veita sárfátækum fjölskyldum styrk, er þær ekki eru færar um að klæða fjölmennan barnahóp. Ennfremur má lána fátæku fólki smáupphæðir, gegn tryggingu, er sjerstakar ástæður mæla með því.

4. gr.

Sjóðinn skal ávalt ávaxta í Söfnunarsjóði eða Landsbanka Íslands.

5. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af 3 manna nefnd, og er presturinn í Vatnsfirði sjálfkjörinn í hana. Hinir tveir stjórnendurnir skulu vera 2 giftar konur, kosnar af kvennafjelagi Vatnsfjarðarsveitar.

Stjórnin kys sjálf formann sinn og reikningshaldara sjóðsins.

6. gr.

Þangað til vextirnir nema 200 kr., má árlega veita helming þeirra samkv. 3. gr., en hinn helminginn skal leggja við höfuðstól. Þegar vextirnir

- 6** nema 200 kr., og þar yfir, má veita $\frac{3}{4}$ þeirra, en aldrei skal leggja minna en
 10. mars $\frac{1}{4}$ þeirra við sjóðinn. Af öðrum tekjum sjóðsins má stjórnin veita $\frac{1}{3}$, en ávalt skulu $\frac{2}{3}$ lagðir við höfuðstól.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningurinn endurskoðaður af manni, er kvennafjælag Vatnsfjarðarsveitar kys til þess, og eftir að reikningurinn er samþykktur, skal senda sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu eftirrit af honum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda bók, og skal rita í hana reikninga sjóðsins, skýrslur um störf stjórnarinnar, gjafir til sjóðsins o. s. frv.

9. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konungsstaðfestingar.

- 7** STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Gjafasjóð Einar
 28. mars Magnússonar og Ástríðar Pálsdóttur, Steindórsstaðahjóna, út gefin á venju-
 legan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. mars 1924.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Gjafasjóðs „Einar Magnússonar og Ástríðar Pálsdóttur“ Steindórsstaðahjóna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Gjafasjóður Einar Magnússonar og Ástríðar Pálsdóttur, Steindórsstaðahjóna“. Stofnfje hans eru jarðirnar:

Kross með Krosskoti í Lundarreykjadalshreppi,
 Eyri í Andakílshreppi,
 Brúsholt í Reykholtisdalshreppi,
 Búrfell í Hálsahreppi (að undanskildu hálfu fjalllandinu),
 Kollslækur í sama hreppi, og þriðjungur
 Hallkelsstaða í Hvítársíðuhreppi,